



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Sigtún 42, 105 Reykjavík

KT: 600989-4059

Símar: +354 567 7111 / +354 859 9711

Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)

Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

***Alþingi***  
***Erindi nr. Þ 143/500***  
***komudagur 3.12.2013***

**Efni: Umsögn Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Þingskjal 231 – 185. mál.**

Tilfni frumvarpsins er sagt vera að með forsetaúrskurði nr. 72 frá 24. maí 2013 um skiptingu starfa ráðherra voru verkefni Velferðarráðuneytis falin tveimur ráðherrum. Nú séu þau falin bæði félags- og húsnæðismálaráðherra og heilbrigðisráðherra. Eins og nú háttar til fer Samstarfsnefnd um málefni aldraðra (SUMA) með málefni sem heyra undir báða ráðherrana. Þess vegna sé nauðsynlegt að kljúfa verkefni Samstarfsnefndarinnar í sundur og skipa sérstaka stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra sem heyri undir heilbrigðisráðherra.

Landssamband eldri borgara sér í fyrsta lagi ekki nauðsyn þess að skipta verkefnum SUMA-nefndarinnar upp í tvo hluta og bendir á að áður en Velferðarráðuneytið var sett á fót fyrir örfáum árum, þá heyrðu verkefni SUMA-nefndarinnar undir félagsmálaráðherra og heilbrigðisráðherra, og virtist það ekki valda neinum vandkvæðum fyrir störf nefndarinnar þó ráðuneytin væru á þeim tíma í aðskildu húsnæði. Enn síður ætti það að valda erfiðleikum í dag þar sem þessi ráðuneyti eru nú í sama húsnæði og hafa sömu starfsmenn. Í öðru lagi þá virðist sem stjórn Framkvæmdasjóðsins eigi að vera skipuð fulltrúum frá sömu aðilum og SUMA-nefndin, að undanskildu Öldrunarráði Íslands og ekki er heldur hægt að sjá nein rök fyrir þeirri breytingu.

Landssamband eldri borgara getur ekki séð annað en óhagræði við þessa breytingu, í raun verið að koma á nýju flækjustigi, verið að fjölga nefndum eða stjórnnum án sannfærandi rökstuðnings. Landssamband eldri borgara leggst því gegn samþykkt þessa frumvarps.

Reykjavík 3. desember 2013

F.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður